

Reykjavík 18. júní 2015

Alþingi við Austurvöll  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvörp um afnám fjármagnshafta, mál nr. 786, um stöðugleikaskatt, og mál nr. 787, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (nauðasamningar).**

Við er til óskar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um mál nr. 786, um stöðugleikaskatt, og mál nr. 787, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (nauðasamningar). Vegna þess hve málin eru efnislega tengd er send sameiginleg umsögn um þau. Saman mynda frumvörpin tvö þá umgjörð um afnám fjármagnshafta á eignir þrotabúa fallinna fjármálafyrirtækja.

SFF fagna því að loks eru stigin afgerandi skref til afnáms hafta á fjármagnsviðskiptum. Frumvörpin eru liður í aðgerðum stjórnvalda til að taka á þeim vanda sem krónueignir þrotabúa fallinna fjármálafyrirtækja skapa greiðslujöfnuði ef ekkert er að gert. Það, ásamt aðgerðum til að hlutleysa vanda sem stafar af aflandskrónum vegna vaxtamunarviðskipta, er forsenda þess að hægt sé að afnema höft á fjármagnsviðskiptum.

Efnislega felast þessar aðgerðir í tvennu, annars vegar eru krónueignir rýrðar og hins vegar hluti þeirra settur í langtímaendurgreiðsluferli. Hvort tveggja miðar að því að krónueignir erlendra aðila hér á landi valdi ekki óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði þegar losað er um höftin. Rýrnun krónueigna með stöðugleikaframlagi eða stöðugleikaskatti og gjald vegna uppboða fyrir aflandskrónur mynda mikilvægan tekjustofn fyrir ríkissjóð, sem hægt verður að nota til að lækka skuldir ríkisins.

Þá er það fagnaðarefni að þessi skref virðast vera stigin í sátt við stærstu erlendu eigendur krónueigna, þ.e. kröfuhafa þrotabúa stóru bankanna. Það er mikilvægt til að greiða götu málsins og draga úr laga- og orðsporsáhættu við upplausn þrotabúanna og aflandskróna.

Frumvarpið um stöðugleikaskatt miðar að því að tryggja að þrýstingur á greiðslujöfnuð af krónueignum þrotabúa valdi ekki óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Skattinum er ætlað að vera nokkurs konar öryggisventill ef nauðasamningar þrotabúanna ná ekki að uppfylla sérstök

stöðugleikamarkmið sem ríkisstjórnin hefur sett þrotabúunum. Reiknað er með að nauðasamningar þrotabúanna tryggi m.a. framlög í ríkissjóð til að minnka krónueignir þrotabúanna. Frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki er ætlað að auðvelda þrotabúum með ýmsum hætti að ganga frá nauðasamningum, en stefnt er að því að það takist fyrir áramót, ella verður ákvæðum frumvarpsins um stöðugleikaskatt beitt á eignir þrotabúanna.

### **Almennar athugasemdir SFF**

Almennar ábendingar SFF vegna þessara frumvarpa eru tvíþættar.

1. Annars vegar leggja SFF áherslu á að tekjur ríkisins af losun þessara eigna verði notaðar til að lækka skuldir ríkissjóðs. Þetta er mikilvægt til að tryggja jákvæð áhrif á láns hæfi landsins, en skuldastaða ríkissjóðs er einn veigamesti þátturinn sem hafður er til hliðsjónar við ákvörðun láns hæfis. Hagstæðara láns hæfismat ríkissjóðs mun verða öllu þjóðarbúinu til hagsbóta á komandi árum. Þá er skuldalækkun ríkissjóðs líkleg til að stuðla að lækkun vaxta á langtímamarkaði, heimilum og fyrirtækjum til hagsbóta.
2. Hins vegar minna SFF á þau fyrirheit stjórnvalda að taka til endurskoðunar skattlagningu fjármálafyrirtækja í kjölfar þessara aðgerða. Með þeim tekjum sem ríkissjóður mun hafa af losun hafta af þrotabúum og aflandskrónum endurheimtir ríkissjóður það tjón sem rekja má til fjármálaáfallsins 2008 að miklu eða öllu leyti. Sérstök skattlagning, eins og verið hefur undanfarin ár, á því ekki rétt á sér. Þessi skattlagning veldur auknum kostnaði við innlenda fjármálaþjónustu. Þessi kostnaður er umfram það sem erlendir samkeppnisaðilar íslenskra fjármálafyrirtækja þurfa að bera. Það veikir samskeppnisstöðu innlendra fjármálaþjónustu og ýtir undir þá þróun að fjármálaþjónusta færir úr landi. SFF kalla eftir því að skattar á fjármálafyrirtæki verði samhliða þessum aðgerðum endurskoðaðir og lækkaðir verulega til samræmis við það sem gengur og gerist í nágrannaríkjunum.

### **Athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpanna**

1. Í báðum frumvörpum er mælt fyrir um heimild slitastjórna til að ávaxta fjármuni með fjárfestingu í skuldaskjölum útgefnum af „*viðskiptabönkum og sparissjóðum*“. Af þessu leiðir að slitastjórnnum verður ekki heimilt að fjárfesta í skuldaskjölum annarra lánastofnana, sem lúta sambærilegum lagareglum, s.s. Lánasjóðs sveitarfélaga, Straums hf., Borgunar hf., Lýsingar hf., Valitor hf. og Byggðastofnunar. Samkvæmt 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þá teljast viðskiptabankar, sparissjóðir og lánafyrirtæki, þ.m.t. fjárfestingarbankar, til lánastofnana (e. credit institutions). Lánastofnanir lúta opinberu eftirliti og um starfsemi þeirra gilda sambærilegar lagareglur að öðru leyti en leiðir af innlánatöku viðskiptabanka og sparissjóða. Að mati SFF samræmist það illa jafnræðisreglu stjórnarskrár og sjónarmiðum um samkeppni og fjölbreytta uppbyggingu fjármálamarkaðar að lánastofnunum sé mismunað varðandi aðgang að fjármögnun. Þá skýtur það skökku við að lífeyrissjóðir landsins geti fjárfest í skuldaskjölum lánastofnana, sbr. 5. tl., 1. mgr., 36. gr. laga um starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, en leggja eigi hömlur við sambærilegum fjárfestingum slitabúa. Með vísan til framangreinds leggja SFF til eftirfarandi (undirstrikaðar) breytingar:

**Fyrsti málsliður b-liðar 1. greinar frumvarps um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, mál nr. 787, hljóði svo:**

„Í sama skyni er slitastjórn heimilt að ávaxta eignirnar með fjárfestingum í skuldaskjölum útgefnum af viðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun sem lýtur eftirliti opinbers eftirlitsaðila“.

**Fyrsti töluliður, 2. málsgreinar, 5. greinar frumvarps um stöðugleikaskatt, mál nr. 786, hljóði svo:**

„Frumfjárfesting í skuldabréfi sem gefið er út af innlendum viðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun sem lýtur eftirliti opinbers eftirlitsaðila og skal útgáfan vera í samkvæmt útgáfuramma GMTN (e. Global Medium Term Note) eða EMTN (e. Euro Medium Term Note), í erlendum gjaldeyri og gjalddagi höfuðstóls skal ekki vera fyrr en að sjö árum liðnum frá útgáfudegi skuldabréfs“.

**Annar töluliður, 2. málsgreinar, 5. greinar frumvarps um stöðugleikaskatt, mál nr. 786, hljóði svo:**

„Frumfjárfesting í vikjandi láni í erlendum gjaldeyri sem veitt er til innlends viðskiptabanka, sparisjóðs eða annarrar lánastofnunar sem lýtur eftirliti opinbers eftirlitsaðila þar sem lánstími er eigi skemmri en tíu ár og vikjandi lánið telst til eiginfjárfáttar í starfsemi viðkomandi lánastofnunar“.

2. Í athugasemdum við frumvarp um stöðugleikaskatt er umfjöllun um nauðsyn þess að losa um fjármagnshöft á lífeyrissjóðina sem fyrst. Í kynningu á aðgerðaáætlun til losunar fjármagnshafta kom fram að lífeyrissjóðir muni fá heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir krónur til fjárfestinga erlendis. Að mati SFF er ekki nægilega skýrt hvort átt er eingöngu við samtryggingarlífeyrissjóði eða hvort einnig er átt við vörsluaðila lífeyrissparnaðar aðra en lífeyrissjóði (banka, verðbréfafyriertæki, sparisjóði og líftryggingafélag). Það verður ekki lesið með skýrum hætti út úr athugasemdum við frumvarpið eins og það lítur út í dag. Talan 10 ma. kr., sem fram kemur í skýrslu þeirra Ásgeirs Jónssonar og Hersis Sigurgeirssonar sem þeir unnu fyrir Landsamtök lífeyrissjóða, gerir ráð fyrir að sé heimild lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga sé mismunur á iðgjöldum og lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóða frá 2012. Hún tekur til séreignardeilda lífeyrissjóða en ekki til séreignarsparnaðar annarra vörsluaðila eða söfnunarlíftrygginga. Lögjafinn þarf að kveða skýrt á um það að væntanleg heimild til erlendra fjárfestingar muni gilda um alla vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Mikilvægt er að lögjöfin stuðli ekki að ójafnri samkeppnisstöðu aðila sem starfa á sama markaði. Það fæli í sér mismunun gagnvart rétt höfum sem eiga lífeyrissparnað hjá vörsluaðilum.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SFF